

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR

Um *Dagbók Parísarbúa*

Frá 12. öld og fram á þá 16. var París stærsta borg Evrópu. Í upphafi 14. aldar voru íbúar hennar um 200 þúsund, stuttu áður en hið svokallaða hundrað ára stríð hófst en þá tókust Frakkland og England á um völd yfir ákveðnum landsvæðum í Frakklandi og um konungstign í landinu. Stríðið hófst 1337 og það fjaraði út árið 1453 án þess að því lyki formlega eða með sáttmála. Saga þess er í senn löng og flókin. Stríðið var ekki samfellt heldur kaflaskipt og konungar komu og fóru. Þekktasti kafla átakanna, sem er jafnframt lokakaflinn, hófst með þátttöku mæringar frá Orléans, Jóhönnu af Örk, sem frelsaði bæinn Orléans undan valdi Englendinga árið 1429 og lét svo krýna Karl VII. krónprins Frakklands í Reims sama ár. Hún var tekin til fanga af óvinum konungs árið 1430 og brennd á báli. En Frakkland átti ekki einungis í stríði við Englendinga heldur geisaði borgarastríð í landinu frá upphafi 15. aldar vegna veikinda Karls 6., sem var konungur frá 1380 til 1420 og oft kallaður Karl brjáláði. Hann átti við alvarleg geðræn vandamál að stríða og því börðust ættingjar hans um það hver ætti að stjórna í hans stað. Meðal þeirra voru hertogarnir af Búrgúndí, Berry og Orléans. Jóhann óttalaus, hertogi af Búrgúndí, lét myrða Loðvík af Orléans árið 1407 og næstu árin börðust fylkingar hertogans af Búrgúndí við Armagnac-menn en í þeirra hópi voru hertoginn af Berry, hertogarnir af Bretagne og Orléans og Bernharð 7. greifi af Armagnac. Hér verður saga hundrað ára stríðsins þó ekki rakin frekar því stríðið er ekki aðalviðfangsefni *Dagbókar Parísarbúa* heldur líf fólksins í borginni frá 1405 til 1449.

Dagbók Parísarbúa, sem kallast á frummálinu *Journal d'un bourgeois de Paris*, er skrifuð af óþekktum íbúa Parísar. Nokkuð víst þykir að hann hafi verið klerkur en þeir höfðu enn það hlutverk í byrjun 15. aldar að skrá atburði og festa þá í minni fyrir ákveðinn hóp samfélagsins. Ekki þykir heldur ólíklegt að hann hafi tengst eða starfað með guðfræðingum Sorbonne-háskóla enda verður honum tíðrætt um skólann og fylgir til að mynda guðfræðingum hans í

afstöðu sinni til Jóhönnu af Örk. Einnig er talið að hann hafi verið kanóni eða kapellán við Vorrarfrúarkirkju í París um tíma.

Dagbókin er óvenjulegt rit. Í raun er ekki vitað hvað verkið hét: dagbók, minningar, krónika eða eitthvað annað; kannski hét það ekki neitt. Höfundur styðst við munnlegar heimildir þar sem ýmislegt var tilkynnt eða lesið upp á götum úti. Hann hefur þó eflaust einnig stuðst við skriflegar heimildir sem hann nefnir ekki. Ólíklegt virðist að höfundurinn hafi skrifað á hverjum degi því að kaflarnir, sem skiptast eftir árum, eru ekki brot heldur samfelld skrif eða samantekt. Hann lýsir helstu hátíðisdögum almanaksársins, ferðum konunga og tignarmanna, bardögum, mannfalli, áhlaupum, lausnargjaldi, ránum og ribbaldagangi hermanna. En það sem vekur ekki síður áhuga lesandans eru lýsingarnar á daglegu lífi íbúa borgarinnar í pólitískum átökum sem hafa djúpstæð áhrif á tilveru þeirra. Gengisbreytingar eru algengar og verð á matvælum, eldiviði og annarri nauðsynjavöru sveiflast og veldur íbúum þrálátum áhyggjum og hungri. Höfundur *Dagbókarinnar* segir í smáatriðum frá þessum hræringum sem einnig hafa áhrif á skatta og álagningar af ýmsu tagi.

Þótt höfundur fjalli ekki um sína eigin persónu endurspeglar frásögnin viðhorf hans til stríðsins sem geisar í kringum París. Þarna takast á gott og illt, og enginn vafi leikur á því að hann styður hertogann af Búrgúndi í þeim átökum sem kljúfa konungsríkið Frakkland. Orðaval hans er lýsandi hvað þetta snertir en hann segir í raun lítið um þá úlfakreppu sem ríkir í landinu milli stríðandi fylkinga. Hann tjáir sig hins vegar af næmni um margt annað: veðurfar, uppskeru og jafnvel blóm, og hann hefur samúð með saklausum fórnarlömbum hungursneyða og ofbeldis. Hann greinir einnig frá atburðum sem hann skilur ekki, því heimurinn er jú fullur af táknum eins og þegar blóðlituð uppspretta dregur að fjölda manns eða eldingu slær niður í kirkjuturn. Þannig dregur hann upp litsterka mynd af lífinu fyrir innan – og utan – borgarhlið Parísar.

Frásögn Parísarbúans hefur varðveist í sjö handritum. Ekkert þeirra geymir upprunalegu gerð textans. Tvö handrit voru einkum notuð í útgáfu Colette Beaune frá árinu 1990 sem hér var stuðst við:¹ annað þeirra mun vera frá síðari hluta 15. aldar og er það geymt í Vatíkaninu (Vat. Reg. lat. 1923). Um 1500 tilheyrði handritið Jean Maciot, borgara í París, en komst í hendur Kristínar af Svíþjóð á 17. öld. Í handritinu má sjá margar athugasemdir lesenda frá 16.

¹ *Journal d'un bourgeois de Paris, de 1405 à 1449*, Texte original et intégral présenté et commenté par Colette Beaune, París: Le Livre de Poche, 1990. Ensk þýðing var stundum höfð til hliðsjónar: *A Parisian Journal 1405–1449*, Translated from the Anonymous *Journal d'un Bourgeois de Paris* by Janet Shirley, Oxford: The Clarendon Press, 1968.

og 17. öld. Annað handrit (Bodléienne, FR. d. 10) frá sama tímabili er varðveitt í Oxford. Þessi tvö handrit lágu til grundvallar útgáfu Alexandre Tuetey á verkinu sem er frá árinu 1880. Þess má geta að texti beggja handritanna, einkum þess sem geymt er í Oxford, hefur verið ritskoðaður. Ýmsir viðkvæmir atburðir – morð og þjófnaðir – hafa verið þurrkaðir út, einkum í upphafi frásagnarinnar og þá væntanlega vegna þess að þeir hafa þótt kasta rýrð á Englendinga. Höfundurinn sjálfur sleppir líka mikilvægum atburðum, t.d. krýningu Karls 7. árið 1429, en leggur meiri áherslu á atburði sem ekki voru jafn veigamiklir en sem honum hefur þótt réttara að fjalla um út frá pólitísku sjónarhorni.

Í þýðingunni er reynt að skýra orð sem ekki eiga sér hliðstæðu í íslensku máli og í nokkur skipti er gripið til þess ráðs að láta frönsku orðin standa óþýdd í íslenska textanum. Iðulega var stuðst við skýringar Colette Beaune á atriðum sem vöfðust fyrir þýðanda, s.s. hinum ólíku myntum og mælieiningum.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir

Þrjú brot úr *Dagbók Parísarbúa* 1405–1449

1417²

154. Item, þann 20. dag febrúar, sama ár, var tilkynnt að enginn mætti taka við annarri mynt í París en mynt konungsins.³ Þetta olli Parísarbúum miklum óþægindum vegna þess að mynt hertogans af Brittaníu og mynt hertogans af Búrgúndí voru notaðar í París til jafns við mynt konungs. Margir kaupmenn, bæði vel og illa stæðir, og þeir sem áttu aðrar myntir, urðu fyrir miklu tapi þar sem bannið þýddi að ekki var hægt að kaupa nauðsynjar nema með því að selja myntina til sláttu.⁴ En mánuði síðar voru þessar bönnuðu myntir aftur í gildi sem fyrr.

² Árið 1417 var París á valdi Armagnac-manna.

³ Slíkar tilkynningar voru algengar og höfðu það hlutverk að draga úr verðgildi myntar hertoganna af Búrgúndí, Filippusar djarfa (1342–1404), og sonar hans, Jóhanns óttalausa (1371–1419). Konungurinn var Karl 6.

⁴ Myntsláttuverkstæðin keyptu mynt sem ekki var hægt að nota og notuðu til að slá nýja mynt. Verð á myntinni fór eftir því úr hvaða málmum hún var slegin.

155. Ítem, 3. dag aprílmánaðar sama ár dó herrann af Guienne, elsti sonur konungsins, í Compiègne. Hann hafði verið krónprins í um það bil fimm mánuði.⁵

156. Ítem, Loðvík konungur dó árið 1417, þremur dögum eftir mánadámót.⁶

157. Ítem, á þessum tíma var hægt að fá pott af góðu og tæru víni fyrir einn dinar en árlega voru þrír eða fjórir þungir tollar lagðir á. Enginn þorði að minnast á hertogann af Búrgúndí af ótta við að missa lífið eða eignar eða vera gerður útlægur.

158. Ítem, 29. maí, daginn fyrir hvítasunnu, var tilkynnt að aðeins mætti nota mynt konungs og að öll viðskipti ættu að fara fram í skildingum og pundum.⁷ Einnig var tilkynnt að lítill *mouton*⁸ sem hafði verið ígildi 11 Parísarskildinga væri nú virði 16 skildinga.

159. Ítem, næsta mánudag, fyrsta mánudag hvítasunnuhátíðar, fóru allir íbúar Parísar, prestar, klerkar eða hver sem var, að þrifa göturnar, eða borguðu öðrum fyrir að gera það í sinn stað. Peningarnir voru samviskusamlega innheimtir; allir, sama hver staða þeirra var, urðu að borga á fimm daga fresti, og ef þú borgaðir hundrað, þá fóru fjörutíu í vinnuna en ráðamenn fengu afganginn.

160. Ítem, þessa sömu viku var vindubrúin við Saint-Antoine-hliðið reist og sama ár voru húsin á milli virkjanna og húsagarðs sútaranna við Tuileries byggð.

161. Ítem, á þessum tíma lét borgarstjórinn⁹ í París handtaka riddara að nafni Louis Bourdon, sem hafði valdið miklum skaða við kastalann í Étampes, eins og áður sagði. Honum var drekkt fyrir illvirki sín. Drottningin missti allt, hún fékk ekki lengur að sitja í stjórnarráðinu og

⁵ Þetta var Jóhann, hertogi af Touraine, sonur Karls 6. Guienne, eða Guyenne, var annað nafn yfir Aquitaine eða Akvitaníu. Frá 1259 var það notað yfir öll landsvæði sem tilheyrðu Englandskonungi í Frakklandi.

⁶ Loðvík 2., konungur af Sikiley og hertogi af Anjou, dó 30. apríl 1417.

⁷ Skildingur (*sol*) og pund (*livre*) og dinari (*denier*) voru ekki myntir heldur gildi. Þau voru ýmist kennd við París eða Tours; höfundur talar t.d. um *sol paris* og *sol tournois* sem hér er þýtt sem Parísarskildingur og Tours-skildingur. Eitt pund var 20 skildingar eða 240 dinarar; einn skildingur var því ígildi tólf dinara.

⁸ *Mouton* („kind“) var gullpeningur með mynd af heilögum Jóhannesi skírara öðrum megin og hinum megin af lambi sem sneri höfðinu að langri stöng með gunnfána.

⁹ Borgarstjóri, *prévôt*, var konunglegur embættismaður sem sá um stjórnsýslu, skattheimtu og dómsmál.

staða hennar varð veigaminni.¹⁰ Ástandið hélst óbreytt og alltaf tóku ráðamenn þá til fanga sem þeir vildu og gerðu útlæga. Þeir sem gerðir voru útlægir þurftu að fara þangað sem ákveðið var að senda þá og innan þriggja vikna voru yfir 800 manns gerðir útlægir, og þá eru þeir ekki taldir með sem voru í fangelsi.

162. Item, á þessum tíma, í lok ágúst, fór hertoginn af Búrgúndi að búa sig undir að fara til Parísar. Á leiðinni lagði hann undir sig marga bæi, borgir og kastala og lét lýsa því yfir í nafni konungs, krónprinsins og sínu eigin að enginn þyrfti að borga skatta. Þetta gerði ráðamenn Parísar svo ævareíða að þeir skipulögðu helgigöngur og létu predika að þeir vissu fyrir víst að hann ætlaði sér að verða konungur Frakklands og að það væri fyrir hans ráð að Englendingar hefðu komið til Normandí.¹¹ Þeir höfðu njósnara á hverju götuhorni í París, menn sem þar bjuggu og sem létu handtaka sína eigin nágranna og setja í fangelsi og enginn þorði að segja neitt um slíkar handtökur af ótta við að missa líf sitt eða lifibrauð.

163. Item, í byrjun september 1417 nálgadist hertoginn af Búrgúndi París.¹² Hann náði L'Isle-Adam, Pont-Sainte-Maxence, Senlis, Beaumont. Þá var Saint-Denis-hliðinu lokað og brúarbogarnir brotnir og brúnni breytt í vindubru. Hliðið var lokað í tvo mánuði, alveg fram í miðja uppskerutíð.

164. Item, áttunda eða níunda dag september var Brebant, fulltrúi kaupmanna, leystur frá störfum og Etienne de Bonpuits skipaður í hans stað. Hann gegndi starfinu aðeins í fimm daga, og tók Guillaume Cirasse, kistu- og bekkjasmíður, við af honum þann 12. dag september.

165. Item, um þetta leyti komu Búrgúndímenn til Saint-Cloud. Brúin var eyðilögð og Búrgúndímenn réðust á turninn með umsátursvélum. Hann skemmdist talsvert en þeir náðu honum ekki; þeir létu þar við sitja en héldu sveitunum í kringum París og fylgdust svo grannt með öllu að ekki var hægt að koma með fisk til bæjarins úr neinni átt.

166. Item, pund af söltuðu smjöri kostaði tvo Parísarskildinga; tvö egg eða þrjú í mesta lagi kostuðu fjóra Parísardinara; ein súrsuð lítil síld kostaði sex Parísardinara; þrjár eða fjórar körfufyllir af ferskri síld komu inn í bæinn sjö dögum eftir Diónýsiusmessu og stykkið, vel hreinsað, var selt á

¹⁰ Isabeau drottningu var einkum haldið frá pólitískum völdum og áhrifum. Hún var eiginkona Karls 6.

¹¹ Englendingar náðu Normandí á sitt vald árið 1417.

¹² Jóhann óttalausi.

þrjá eða fjóra *blancs*,¹³ og saltað á tvo *blancs*, hvorki meira né minna.¹⁴ Vín sem hafði kostað tvo dinara í ágúst kostaði fjóra eða sex Parísardinara í september.

167. Item, á þessum tíma var svo mikil eymd í París að enginn dirfðist að fara út fyrir borgina og tína vínber í nágrenni Saint-Jacques-hliðsins, svo sem í Châtillon, Bagneux, Fontenay, Vanves, Issy, Clamart eða Montrouge. Þetta var vegna þess að Búrgúndímenn hötuðu Parísarbúa og voru vanir að koma alveg upp að úthverfum bæjarins í rásleiðöngrum sínum; þeir tóku alla sem urðu á vegi þeirra og fóru með í lið sitt. Margir þeirra sem gerðir höfðu verið útlægir frá París voru með þeim og þeir gátu komist að því hverjir fangarnir voru og ef þeir voru vel þekktir var farið illa með þá og sett til höfuðs þeim eins hátt lausnarfé og þeir gátu borgað. En ef þeim tókst að flýja og komast aftur til Parísar og þetta komst upp voru þeir sakaðir um að hafa vísitandi látið ná sér og settir í fangelsi.

168. Item, á þessum tíma var maður að nafni Simonnet du Bois, ritari hjá Jaquot l'Empereur, sem gætti kistna konungs, gerður að höfuðsmanni við Temple-hliðið, og Jehannin Neveu, járnangari, sonur Colins Nepveu járnangara, höfuðsmaður við Saint-Martin-hliðið.¹⁵

169. Item, í þessum októbermánuði var mjög hár skattur lagður á salt. Nær allir sem einhvers máttu sín fengu tvo eða þrjá *setiers* senda; þeir sem voru enn betur stæðir fengu eina tunnu eða hálf tunnu.¹⁶ Það varð að borga fyrir saltið með peningum á staðnum, og þeim sem kom með það, annars varð að hýsa hermenn í húsinu eða viðkomandi var fangelsaður í Höllinni. Einn *setier* kostaði fjóra gulldali¹⁷ sem voru 18 Parísarskildinga virði hver.

170. Item, flestum höfuðsmönnum og liðsforingjum í París var greitt í akurhöfrum sem höfðu verið fluttir inn til Parísar til að hægt væri að gæta þeirra vel. Þeir höfðu einnig leyfi til að taka allt það sem þeir gátu orðið sér úti um á tveggja eða þriggja mílna svæði í kringum París og þeir slógu ekki slöku við. Um þetta leyti settu slátrararnir í Saint-Germain-des-Près

¹³ *Blanc* („hvítur“) var silfurpeningur og gat verið stór eða lítill; sá stóri var ígildi 10 dinara en sá litli var 5 dinara virði. Virði eins *blanc* gat þó verið breytilegt.

¹⁴ Diónýsiusmessa er 9. október.

¹⁵ Höfuðsmaður, *capitaine*, var í náðinni hjá valdamönnum og alla jafna af hástétt þótt það eigi ekki við um þá tvo sem hér eru nefndir. Höfuðsmaður stjórnaði herliði bæjarins.

¹⁶ Tunna stendur hér fyrir frönsku mælieininguna *muid* sem var ýmist ígildi 12 eða 16 *setiers* eftir því hvað verið var að mæla, hveiti, hafra, vín eða salt, o.s. frv. Tunna tók 3 *muids* af víni eða 288 potta (268 lítra).

¹⁷ Gulldalur eða *écu* var alla jafna andvirði 30 Tours-skildinga.

upp sláturhús í götu milli Cordeliers og Saint-Germain-hliðsins, í eins konar kjallara og lágu tíu tröppur þangað niður.

171. Item, á þessum tíma kostaði ein síldartunna 16 Parísarpund. Item, enginn þorði að fara út úr París af ótta við að vera rændur; ef hann leitaði hefnda eða varðist var hann drepinn af hersveitum Parísar. Þær fóru út úr París eins oft og þeim sýndist til að rupla og ræna og þegar þær komu til baka voru þær jafn hlaðnar ránsfeng og broddgöltur sem veltir á undan sér heilu epli. Enginn þorði að tala um þetta því ráðamönnum Parísar féll þetta vel í geð.

172. Item, á þessum tíma voru Búrgúndímenn komnir að Corbeil. Þeir lögðu í rúst allt landið þar í kring og gerðu margar árásir en tóku ekki staðinn við svo búið. Þeir hörfuðu í átt að Chartres en aðfaranótt Klemensmessu birtust þeir skyndilega fyrir framan París og kom það öllum á óvart.¹⁸ Herlið Parísar fór oft út fyrir bæinn til að berjast við þá en missti marga menn í hvert sinn. Þeir sem sluppu fóru í gegnum þorpin á leið sinni aftur til Parísar og þar létu þeir greipar sópa, tóku gísla og fóru með allan þann búfénað sem þeir fundu með sér til Parísar: uxa, kýr, hesta, asna, hryssur, svín, kindur, sauði, ær, geitur, kiðlinga og allt sem hægt var að breyta í peninga. Þeir tóku bækur og allt sem hönd á festi í kirkjum og í klaustrum aðalskvenna í nágrenni Parísar tóku þeir messubækur, tíðabækur og allt sem lá á lausu. Hver sá sem reyndi að sækja rétt sinn til herforingjans eða höfuðsmanna hefði allt eins getað látið það ógert. Það er hárrétt að sumir þeirra sem komið höfðu til Parísar frá Normandí, og höfðu flúið Englendinga með því að borga lausnargjald eða með öðru móti, höfðu svo verið teknir til fanga af Búrgúndímönnum, og síðar, einni mílu fjær, af Frökkum sem höfðu farið jafn hrottalega með þá og Márar hefðu gert. Þessir menn voru allir heiðarlegir kaupmenn, mikils metnir menn, sem höfðu lent í þessum óvinahöndum og keypt sér frelsi og þeir sóru þess hátíðlega eið að Englendingar hefðu verið betri við þá en Búrgúndímenn, og að Búrgúndímenn hefðu verið hundrað sinnum betri við þá en hermennirnir frá París hvað mat snerti, lausnargjald, líkamlegar kvalir og fangavist, og þetta hafði komið þeim á óvart, eins og hlýtur að eiga við um alla góða kristna menn.

¹⁸ Klemensmessa er 23. nóvember.

173. Item, stuttu eftir allraheilagramessu hækkaði eldiviður svo mjög í verði að hundrað góð sprek kostuðu tvo franka;¹⁹ meðalstór viðarkubbur 23 skildinga og viðarbútur frá Bondi kostaði 20 Parísarskildinga.

174. Item, járnknippi af eldivið²⁰ kostaði 10 Parísarskildinga og þessi dýrtíð stóð út allan veturinn.

175. Item, á þessum tíma var kjöt svo dýrt að lítill biti af kindakjöti kostaði sjö eða átta Parísarskildinga og ögn af góðu nautakjöti sem hefði kostað sex Parísardinara í október kostaði nú tvo Parísarskildinga. Innmatur úr kind kostaði tvo eða þrjá *blancs*, sauðahaus kostaði sex Parísardinara og pund af söltuðu smjöri átta *blancs*.

176. Item, agnarsmár grís kostaði 60 skildinga eða fjóra franka.

[...]

1421²¹

302. Item, á þessum tíma, á kyndilmessu, var lagður skattur á börn óvinar andskotans, það er að segja bæði fjórðungur og hár vöruskattur til þess að hugga fátæklingana²² og þeir sem stjórnðu því voru iðjuleysingjar sem höfðu ekkert annað sér til viðurværis og sem klipu svo mikið af öllu að engar vörur komu lengur til Parísar bæði vegna myntarinnar en líka vegna álagningarinnar. Af þeim sökum var svo mikil dýrtíð að á páskum kostaði góður uxi ekki minna en 200 franka, góður kálfur 12 franka, sneið af fleski átta eða 10 franka, svín 16 eða 20 franka, lítill hvítur ostur sex Parísarskildinga og allur matur eftir því. Hundrað egg kostuðu 16 Parísarskildinga. Og vegna þessarar dýrtíðar mátti heyra um París alla daga og allar nætur mikla kveinstafi, barlóm, og átakanleg vein sem ég held ekki að hafi verið meiri hjá Jeremíasi spámanni þegar Jerúsalem var jöfnuð við jörðu og börn Ísraels voru flutt sem gíslar til Babýlon, vegna þess að dag og nótt heyrðust kveinstafir karla, kvenna og lítilla barna: „Æ, ég er að deyja úr kulda,“ sagði einn og annar var að deyja úr hungri. Og satt að

¹⁹ Frankinn var fyrst sleginn árið 1360. Hann var úr gulli og var ígildi 20 Tours-skildinga. Hann varð mjög vinsæll þar sem einn gullfranki var ígildi eins punds.

²⁰ *Mole* var eining af eldiviði sem innihélt 50 viðarbúta sem bundnir voru saman með sverum járnvír.

²¹ Í janúar 1418 komu Búrgúndímenn inn í París, mikið mannfall varð og Karl krónprins lagði á flóttu. París var á þeirra valdi til 1437 þegar Karl 7., sem Jóhanna af Örk studdi til valda, kom til borgarinnar. Í desember 1419 mynduðu Englendingar og Búrgúndímenn bandalag sem stóð til 1432.

²² Höfundur er kaldhæðinn.

segja var þetta lengsti vetur í manna minnum um fjörutíu ára skeið því að það snjóaði í dymbilvikunni, fraus og kuldinn var eins nístandi bitur og hægt var að hugsa sér. Vegna þessarar miklu vesældar sem blasti við festu nokkrir góðir íbúar kaup á þremur eða fjórum húsum og breyttu þeim í hæli fyrir aumingja börnin sem voru að deyja úr hungri um alla borgina, og þar fengu þau súpu, yl og gott rúm. Innan þriggja mánaða voru þar ekki færri en fjörutíu vel búin rúm í hverju hæli sem efnafólk Parísar hafði fært þeim að gjöf. Eitt hælið var í Heaumerie, annað fyrir framan Höllina og það þriðja á Maubert-torgi. Þegar hlýna tók í veðri, í apríl, settu þeir sem höfðu drukkið safu úr afgangslum og plómum um veturinn hratið á göturnar fyrir svínin úr klaustri Saint-Antoine, en þau voru ekki nógu fljót því það var ekki fyrr búið að kasta hratinu á göturnar en þurfaingar, konur og börn, gerðu sér það að góðu, hver í sínu horni, og það var aumkunarverð sjón, því að þau borðuðu það sem svínin vildu ekki. Þau lögðu sér einnig til munns hráa kálstílka án brauðs, nýspröttið gras af ökrunum án brauðs og salts. Í fáum orðum þá var dýrtíðin slík að fáir bæjarbúar fengu magafylli sína af brauði, því að ekki fengu þeir neitt kjöt, hestabaunir eða ertur, aðeins nýspröttið grænmeti sem var rándýrt.

303. Ítem, undir lok mars, í páskavikunni, ákváðu Armagnac-menn dag fyrir bardaga við hertogann af Clarence sem var höfuðsmaður Parísar og hertogann af Ostet sem var elsti bróðir Englandskonungs. Orrustan átti að eiga sér stað milli Angers og Le Mans, við bakka Loir-árinnar. Þess vegna fór hertoginn af Clarence, daginn fyrir bardagann, að líta á staðinn sem var á yfirráðasvæði Armagnac-manna og þurfti hann að fara yfir ána á mjórri brú og í fylgd með honum voru 1500 riddarar og 500 bogaskyttur. Óvinir hans, sem áttu vini alls staðar, komust að því og sátu fyrir honum á tveimur stöðum í skógi sem hann þurfti að fara í gegnum handan árinna. Hinum megin við skóginn komu þeir fyrir fjögur hundruð manna liði í skínandi herklæðum á lítilli hæð sem blasti við Englendingum. Hertoginn og menn hans kipptu sér ekki upp við það þar sem þeir héldu að óvinaliðið væru ekki fjölmennara en þetta en komust svo að því að þeir höfðu rangt fyrir sér og það olli þeim vonbrigðum því að í dalnum voru Armagnac-menn með mikið lið, án þess að telja með liðin í umsátrunum tveimur sem fyrr var getið og sem fóru úr fylgsnum sínum um leið og Englendingar komu inn í skóginn, eyðilögðu brúna og réðust síðan aftan að þeim og frá hliðunum á meðan hinir réðust framan að þeim. Þannig drápu þeir alla, nema 200 manns, söngvara og aðra sem lögðu á flóttu og sem löguðu

brúna eins vel og þeir gátu og komust aftur til sinna herbúða. Og þegar þeir sem höfðu verið um kyrrt í búðunum heyrðu hvað gerst hafði réðust þeir öskureiðir inn í úthverfi Le Mans, brenndu hús og drápu konur og börn, gamla menn sem unga án miskunnar. Og þetta var kvöldið fyrir páska, sem var 22. dagur marsmánaðar 1421.

304. Item, í þessum mánuði var hinn ágæti Jean de Beaume, herra af Valfin, settur í embætti dómsmálaráðherra í umdæmi Parísar.

305. Item, laugardaginn 12. dag apríl var gengi myntarinnar tilkynnt í Rúðuborg: einn *gros*²³ af 16 Parísardinurum var nú aðeins fjögurra Parísardinara virði, einn *noble*²⁴ var ígildi 60 Tours-skildinga og einn dalur var á gengi 30 Tours-skildinga.

306. Item, næsta þriðjudag voru mikil mótmæli í París því allir voru sannfærðir um að sama gengi yrði tilkynnt þar og í Rúðuborg, á miðvikudeginum eða næsta laugardag. Af þeim sökum hækkaði allur matur mjög í verði og varð ófáanlegur; einn pottur af olíu sem kostaði aðeins fimm skildinga eða 16 *blancs* kostaði á laugardeginum 12 Parísarskildinga; eitt pund af kertum 10 Parísarskildinga; eitt pund af söltuðu smjöri 10 Parísarskildinga, og allt annað var rándýrt. Og allir kaupmenn seldu vörur sínar á því verði sem þeir vildu; enginn gætti að verðinu fyrir almenning. Sagt var að þeir sem ættu að fylgjast með því væru sjálfir kaupmenn og þess vegna liðu fátæklingar svo mikið hungur, kulda og hvers konar harðæri að enginn nema Guð í Paradís getur vitað hvernig þeim leið. Þegar hundafangarinn hafði drepið hunda voru fátæklingarnir vanir að elta hann út í sveitina til að ná í innyfli eða kjötbita sér til matar.

307. Item, sunnudaginn fyrir hvítasunnu fóru slátrararnir að stunda viðskipti við Parísar-hliðið í stað Saint-Jean-kirkjugarðsins, Petit Pont, Halle de Beauvais og hinna sláturhúsanna sem þeir höfðu áður haft.

308. Item, þetta ár var veturinn svo langur og harður að það voru miklir kuldar til maíloka og í júnílok hafði vínviðurinn enn ekki blómstrað; þetta ár var svo mikið af lirlfum að allir ávextir spilltust. Sums staðar í París mátti sjá sporðdreka en því átti fólk ekki að venjast.

309. Item, á þessum tíma mátti sjá undir brúnni við Saint-Honoré-hliðið, uppsprettu sem var rauðlituð eins og blóð, þó ekki alveg eins rauð. Fólk kom auga á hana á Pétursmessu og Páls sem bar upp á sunnudag og

²³ *Gros* var silfurpeningur sem var ígildi u.þ.b. 12 dinara.

²⁴ *Noble* var ensk gullmynt sem var ígildi 50 Tours-skildinga eða 64 Parísarskildinga.

stóð þetta til næsta miðvikudags;²⁵ voru þeir sem þangað fóru furðu lostnir og svo fór að hliðinu var lokað og brúin hífð upp í tvo daga vegna mannfjöldans sem lagði leið sína að uppsprettunni. Enginn gat sagt fyrir um merkingu þessa fyrirbæris.²⁶

310. Item, næsta fimmtudag, daginn fyrir Marteinsmessu,²⁷ var gengið tilkynnt í París, að einn 16 dinara *gros* væri nú aðeins ígildi fjögurra Parísardinara, einn fjögurra dinara *blanc* ígildi eins dinara; einn peningur sem var tveggja Parísardinara virði varð þá ekki meira virði en einn *maille*;²⁸ þetta var mjög erfitt fyrir fátæka fólkið og aðeins þeir högnuðust á þessu sem voru ekki skuldgir og fengu rentur og gjöld.

311. Item, á Marteinsmessu kom Englandskonungur inn í París með fríðu föruneyti og enginn vissi af ferð hans fyrr en hann var kominn til Saint-Denis.²⁹

312. Item, á þessum tíma voru úlfarnir svo hungraðir að þeir grófu upp lík þeirra sem voru jarðaðir í þorpskirkjugörðum og í sveitinni, vegna þess að hvert sem leiðin lá, bæði í sveit og í bæ, mátti sjá fólk sem hafði dáið af völdum fátækar, matarleysis og dýrtíðar, sem hlaust af þessu bölvada stríði sem varð verra með hverjum deginum sem leið.

313. Item, á þessum tíma var dánartíðnin mjög há og margir dóu úr hita sem gerði fyrst vart við sig í höfðinu, svo fengu þeir hitasótt og dóu án nokkurra annarra líkamlegra ummerkja, einkum konur og ungbörn. Á þessum tíma var vínið svo dýrt að hver pottur af meðalgóðu víni kostaði fjóra Parísarskildinga og ekki skánaði brauðið og samt var meira af hveiti í París en nokkur lifandi maður hafði nokkurn tímann séð, því sagt var að tveggja ára birgðir af hveiti væru í borginni og átti þó eftir að safna uppskeru ágústmánaðar.

314. Item, á þessum tíma var mikil óánægja í París vegna gengisins sem fyrr getur því að þeir sem voru vel stæðir, þeir sem tengdust Konungshöllinni og Châtelet³⁰, létu borga sér í góðri mynt og það átti líka við um allar greiðslur til konungsins, skatta, fjórðunga og öll önnur gjöld. Þeir tóku einn *gros* á aðeins fjögurra Parísardinara gengi en létu hann

²⁵ Pétursmessa og Páls er 29. júní.

²⁶ Þetta fyrirbæri á sér e.t.v. náttúrulegar skýringar (mýrarrauði?) en talið var að blóðlituð uppspretta boðaði hörmungar.

²⁷ Marteinsmessa er 11. nóvember.

²⁸ Einn *maille* var hálfur dinari.

²⁹ Hinrik 5.

³⁰ Í Châtelet var aðsetur borgarstjóra Parísar og hans manna.

gilda 16 Parísardinara í öllum greiðslum til fátæklinga. Almúginn reiddist og safnaðist saman við ráðhúsið; þegar ráðamenn sáu fólkið urðu þeir óttaslegnir og tilkynntu að næsta húsaleiga yrði greidd á genginu 12 *gros* fyrir einn franka og þangað til yrði bætt fyrir það eins og hægt væri, og var þetta tíu eða tólf dögum eftir Jónsmessu, árið 1421. Einnig var tilkynnt að allir þeir sem leigðu hús eða skulduðu rentu eða skatt ættu að fara á fund leigusala sinna eða lánardrottins síðustu vikuna í ágúst og komast að því í hvaða mynt hann vildi fá borgað eftir Remigíusmessu.³¹ Eftir að hafa heyrt svarið gætu þeir fallið frá leigunni, rentunni eða skattinum. Þetta dugði til að róa og sefa fólkið enda voru tveir mánuðir til greiðsludags, þegar hægt væri að samþykkja eða hafna, og vegna þess að frá og með Remigíusmessu yrði frankinn á genginu 12 *gros* eins og venja var.

315. Item, á þessum tíma voru úlfarnir svo soltnir að þeir komu inn í góða bæi að næturlagi og ollu miklum usla, oft syntu þeir yfir Signu og margar aðrar ár. Þeir lögðu í vana sinn að fara inn í kirkjugarða í sveitum að næturlagi, grafa upp og éta nýlega jarðsett lík. Þeir stukku og rifu í sig fótleggji sem voru látnir hanga yfir borgarhliðum og víða réðust þeir á konur og börn og átu.

316. Item, í fyrstu viku ágústmánaðar árið 1421 var Pierre sem gekk undir nafninu Le Verrat, settur borgarstjóri í París.

317. Item, á þessum tíma tók Englandskonungur Dreux, Bonneval, Épernon og aðra bæi og var samið um að lífi Armagnac-manna yrði þyrmt; seinna unnu þeir meira tjón en nokkur maður getur trúað.

318. Item, á þessum tíma voru allir ávextir svo dýrir að ekki fengust nema fjögur epli fyrir einn *blanc*; hundrað valhnetur kostuðu fjóra skildinga; tvær perur kostuðu sex *blancs*; tvö pund af kertum, 16 Parísarskildinga; lítill ostur kostaði 13 Parísarskildinga; eitt egg kostaði þrjá *blancs*; skeppa af hestabaunum eða ertum kostaði tvo franka; pund af smjöri kostaði 28 *blancs*, pottur af olíu kostaði 16 Parísarskildinga; par af skóm úr mjúku leðri kostaði 24 skildinga; sauðskinnsskór kostuðu 16 skildinga; pottur af víni kostaði fjóra skildinga og kjöt var dýrara en nokkru sinni fyrr.

319. Item, á þessum tíma náði Englandskonungur tveimur bæjum sem Armagnac-menn höfðu haft og sem höfðu valdið París miklum vandræðum, það er Beaugency og Villeneuve-le-Roi. Þaðan hélt hann áfram á Remigíusmessu og fór til Meaux og hóf þar umsátur.

³¹ Remigíusmessa er 1. október.

320. Ítem, á þessum tíma var hertoginn af Búrgúndi fyrir framan Saint-Riquier í Ponthieu og hafði þar umsátur og þar sem hann vildi fara í pílagrímsferð til Boulogne-sur-la-Mer komust Armagnac-menn að því og ætluðu sér að koma honum á óvart. En María mey gerði kraftaverk vegna þess að jafnvel þótt hluti af liði hans hafi lagt á flótta við að sjá lið Armagnac-manna þá, fyrir Guðs náð og hans dýrðlegu móður, voru Armagnac-menn bornir ofurliði og féllu ríflega 1100 í valinn, og eru þá herforingjarnir ekki taldir með: þeir náðust og alla heldri menn sem þarna var að finna var farið með í hin ýmsu fangelsi.

321. Ítem, þriðja dag nóvember 1421 var nýtt gengi aftur tilkynnt: 16 dinara *gros* voru nú aðeins tveggja dinara virði. Ný mynt var slegin sem var aðeins ígildi tveggja Tours-dinara og þetta lagðist svo þungt á almenn- ing og þjakaði hann svo mjög að fátæklingar gátu ekki haldið í sér lífinu: kál, púrrulauk, lauk, edik, og fleira, var ekki hægt að fá fyrir minna en tvo *blancs*, þar sem eitt *blanc* var aðeins eins dinara virði eftir þessa gengisbreytingu. Hver sá sem leigði hús eða eitthvað annað þurfti að borga áttfalda leigu, það er að segja átta franka í stað eins, 64 franka í stað átta, og þannig var þetta með allt og fátæklingarnir þjáðust af svo miklum kulda og hungri að Guð einn getur vitað hvernig þeim leið. Frostið var meira á allrasálnamessu en á jólum og ekkert var hægt að fá ef maður hafði ekki smámynt.

322. Ítem, á þessum tíma var Philippe de Morvillier, fyrsti forseti þingsins, í París. Hann var mesti harðstjóri sem París hefur þekkt vegna þess að ef einhver andmælti honum einu orði eða gerðist sekur um vörusvik lét hann gera gat á tungu fólks, fara með góða kaupmenn á kerrupalli og fólk ganga um í gapastokki; í stuttu máli þá voru dómar hans svo skelfilega grimmilegir og svo hræðilegir að ekki nokkur maður þorði að andmæla honum eða kæra hann og með þessu móti lét hann fólk borga sér svo háar og íþyngjandi sektir að allir þeir sem komust upp á kant við hann báru þess merki alla ævina, annað hvort misstu þeir þann sess sem þeir höfðu haft, glötuðu auðæfum sínum, eða það mátti sjá á líkama þeirra.

323. Ítem, á þessum tíma skipaði hann svo fyrir, af valdi sínu og oflæti, að aðeins myntkaupmenn en hvorki gullsmiðir né nokkur af annarri starfs- grein mættu skipta mynt fyrir gull eða gulli fyrir mynt við vini sína eða aðra þótt mikið lægi við. Enginn myntkaupmaður dirfðist að taka meira en tvo Tours-dinara í þóknun fyrir að skipta einum gulldal, ellegar þurfti hann að borga tvö eða þrjú hundruð pund í góðri mynt í sekt.

324. Item, á þessum tíma sátu Englandskonungur og lið hans enn um Meaux. Hann missti þar marga menn úr hungri og vösbúð vegna þess að tveimur eða þremur vikum fyrir jól hellirigndi dag og nótt, og svo mikið snjóaði inn til sveita að Signa flæddi yfir bakka sína og á Grève-torgi náði vatnið tveimur spjótslengdum³² lengra en Saint-Esprit-kirkjan, á stóra Hallartorginu náði það lengra en Vorrarfrúarkirkja neðan frá Sainte-Chapelle og á Maubert-torgi náði vatnið að Croix-Hémon.³³ Þetta stóð aðeins í tíu daga og síðan fór að lækka í ánni sunnudaginn fyrir jól. Þegar vatnsborðið hækkaði var svo mikið frost í París að engin vatnsmylla var starfhæf út af flóðunum, aðeins vindmyllurnar.

325. Item, á þessum tíma var öll eynd í París af hans [Philippe de Morvilliers] völdum. Hann krafðist greiðslu í hreinu silfri af öllum sem höfðu eitthvað milli handanna, þótt lítið væri. Upphæðin fór eftir stöðu hvers og eins: einn borgaði fjögur mörk, annar þrjú, annar tvö, annar þrjár eða fjórar únsur, og þetta var til þess að safna þessum andstyggilegu peningum sem áður er getið; ef einhver neitaði að borga var hermönnum samstundis komið fyrir heima hjá honum, hann fluttur í fangelsi og enginn mátti við hann tala; hann varð að borga þótt hann ætti ekki grænan eyri vegna þess að þessi þingforseti hafði sagt til um það. Tveir aðrir harðstjórar voru honum til fulltingis, Jean Dole og Pierre d'Orgement, og lögðu þeir svo háa tolla á viðskipti að enginn hvorki keypti né seldi nokkuð annað en brauð og vín því að tíu frankar voru þung byrði og því gekk fólk ekki um með peninga.³⁴ Auk þess átti fólk svo erfitt með að borga fyrir hús sín að margir gáfu upp arf sinn vegna skattlagningar og neyddust til þess að selja eigur sínar á götum úti og fóru frá París í örvæntingu sinni. Sumir fóru til Rúðuborgar, aðrir til Senlis, enn aðrir gerðust ræningjar í skóginum eða gengu til liðs við Armagnac-menn og unnu mikil illvirki eftir það, eins og Márar hefðu gert. Allt var þetta af völdum hinnar fólksu stjórnar þessara áðurnefndu varga sem gengu í berhögg við Gamla og Nýja testamentið vegna þess að þeir átu blóðugt kjöt og tóku bæði kindur og ull. Æ! það var aumkunarvert að fara um Parísarborg, hvort sem var á hátíðisdegi eða ekki, vegna þess að maður sá meira af betlurum en öðru fólki og þeir bölv-

³² *Lance* þýðir spjót en sem mælieining er *lance* 3,6–4,5 m. Talið er að á þessum tíma hafi vatnið náð 50 cm hæð á Grève-torgi.

³³ Croix-Hémon voru gatnamót fyrir ofan Maubert-torg.

³⁴ Merkingin hér er dálítið óljós. Þetta getur líka þýtt að allir þeir sem tóku þátt í viðskiptum, keyptu eða seldu, hafi þurft að borga tíu franka og þess vegna ekki átt neinn afgang.

uðu lífi sínu linnulaust vegna þess hversu illa var fyrir þeim komið. Á þessum tíma var lítið um ölmusu þar sem allir áttu nóg með sig sjálfa og því var lítið aflögu fyrir aðra. Það var sama með hverjum maður var, alltaf mátti sjá fólk kveinka sér og hágráta, sumir bölvuðu því að hafa fæðst, aðrir bölvuðu forsóninni, aðrir herrunum, enn aðrir borgaryfirvöldum, og veinuðu sí og æ: „Góði Guð, *vindica sanguinem sanctorum!* Hefndu fyrir blóð þeirra saklausu sem deyja án þess að verðskulda það vegna þessara svikahrappa, Armagnac-manna.“

326. Item, í þessum desembermánuði, þann fimmta dag mánaðarins, eignaðist prinsessan af Frakklandi í Englandi son að nafni Hinrik.³⁵

327. Item, mánudaginn fyrir jól, daginn eftir Tómasarmessu, bárust fréttirnar til Parísar og var kirkjuklukkum hringt vel og lengi og um alla París voru kveikt bál eins og á Jónsmessu.³⁶

[...]

1430³⁷

525. Item, þessi skortur olli mikilli neyð vegna þess að það var enginn ráðamaður í París og enginn sem veitti óvininum mótspyrnu og því bárust engar vörur inn í borgina án þess að borgað væri lausnargjald, tvisvar eða þrisvar, á leiðinni. Þess vegna þurfti að selja vörurnar svo dýrt þegar þær komu að fátæklingar gátu ekkert keypt. Þetta olli miklum þjáningum og fjölmargir heimilisfeður, sem sumir áttu konu og börn en aðrir ekki, fóru frá París eins og þeir ætluðu í vinnu sína eða út sér til skemmtunar; þeir örvæntu yfir fátæktinni og slógust í för með öðrum sem urðu á vegi þeirra og þar sem djöfullinn freistaði þeirra, fóru þeir að fremja alla þá glæpi sem kristnir menn eru færir um og því þurfti að senda út lið til að stöðva þá. Í fyrstu ferðinni náðust 97 manns. Nokkrum dögum síðar, 2. janúar, voru tólf þeirra hengdir í gálgum Parísar og þann 10. var farið með ellefu þeirra til Les Halles og þar voru tíu þeirra gerðir höfðinu styttri. Sá ellefti var mjög myndarlegur ungur maður sem var um það bil 24 ára gamall. Hann var afklæddur og það átti að fara binda fyrir augu hans þegar ung stúlka úr hverfinu steig fram og bað um að fá að giftast honum. Henni tókst að fá þá til að fara með hann aftur til Châtelet og síðan giftust þau!

³⁵ Hinrik 6., sonur Hinriks 5. og Katrínar af Frakklandi sem giftust 1420. Hún var dóttir Karls 6. Frakklandskonungs.

³⁶ Tómasarmessa er 21. desember.

³⁷ París er enn á valdi Búrgúndímanna.

526. Item, páska bar upp 17. dag apríl. Það var kalt í veðri og verðlag hátt. Eitt járnknippi af eldivið kostaði níu Parísarskildinga, sprek og kol jafnmikið eða meira. Svo var um allt sem nauðsynlegt var, nema epli, og þau voru það eina sem fátæklingar gátu huggað sig við. Þar sem engin var olían borðaði fólk smjör í Les Halles á föstunni, rétt eins og fastan væri liðin.

527. Item, Armagnac-menn gerðu árás þann 21. mars; þeir stálu búfé og fólki og unnu margvísleg illvirki þennan dag. Herranum af Saveuse í París voru fluttar fréttir af þessum atburði; hann vopnbjóst ásamt þjónum sínum og svo gerðu einnig nokkrir Parísarbúa, þar með taldir einn hverfisforingi, meðdómari og skattheimtumaður að nafni Colinet de Neufville, bastarðurinn af Saint-Pol, bastarðurinn af Saveuse og um leið og þeir voru komnir út úr borginni fóru þeir hver í sína átt í stað þess að halda hópinn og náðust þeir allir innan einnar klukkustundar. Armagnac-menn högnuðust vel á þessu.

528. Item, þegar Armagnac-menn sáu að allt gekk þeim í hag óx þeim ásmegin og komu þeir næsta föstudag, 23. mars, um miðnætti með stiga að Saint-Denis. Þeir klifruðu yfir múrana og fóru inn og drápu miskunnarlaust það góða fólk sem var á verði og eftir það fóru þeir um bæinn og drápu alla þá sem á vegi þeir urðu, rændu borgina og drápu mikið af setuliði Picardie-manna sem hafði þar aðsetur, tóku nær alla hesta þeirra og þegar þeir voru komnir á bak og tilbúnir riðu þeir út úr borginni og fóru með ránsfenginn, sem var gríðarlegur.

529. Item, á þessum tíma mynduðu sumir af helstu íbúum Parísar – af þinginu, Châtelet, nokkrir kaupmenn og fagmenn – samsæri um að hleypa Armagnac-mönnum inn í París, hvað sem það kostaði. Þeir áttu að bera ákveðin merki þegar Armagnac-menn kæmu inn og öllum þeim sem báru merkið skyldi þyrma. Karmelítamunkur að nafni Bróðir Pierre d'Allée fór með bréf milli hópanna tveggja en Guð neitaði að láta slíkt blóðbað eiga sér stað í hinni góðu Parísarborg; Karmelítinn náðist og þegar hann var pyntaður ljóstraði hann upp um marga aðra. Og satt er að í vikunni á undan pálmásunnudegi náðust 150 menn og daginn fyrir pálmásunnudag voru sex þeirra gerðir höfðinu styttri í Les Halles; nokkrum var drekkt, aðrir pyntaðir til dauða, sumir gátu keypt sig lausa, aðrir flúðu og komu aldrei aftur. Þegar Armagnac-menn sáu að áætlunin hafði ekki tekist fylltust þeir örvæntingu og þyrmdu hvorki konum né börnum sem þeir náðu; þeir komu upp að borgarhliðum Parísar án þess að mæta nokkurri mót-

stöðu en Parísarbúar biðu hvern dag eftir hertoganum af Búrgúndí sem lét ekki sjá sig og svona liðu janúar, febrúar, mars og apríl.

530. Item, þann 21. dag apríl fóru rúmlega 300 Englendingar og ætluðu sér að taka kastala sem kallaðist La Chasse en þeir voru svo gráðugir að þeir fóru frekar til Chelles-Saint-Baudour, rændu bæinn og svo klaustrið og komu síðan að kastalanum, hlaðnir eignum kirkjunnar, bænda og verkamanna, og þetta kom þeim sannarlega í koll vegna þess að á meðan þeir létu greipar sópa um áðurnefnt klaustur höfðu Armagnac-menn safnað liði úr nágrenninu og króuðu þá af við kastalann. Englendingarnir gátu ekki búið sig undir komu þeirra þar sem kastalabúar létu skotin dynja á þeim og þeir sem komu aftan að þeim réðust á þá af miklum þunga og von bráðar voru Englendingarnir annað hvort teknir til fanga eða drepnir. Armagnac-menn gengu glaðir frá borði: þeir náðu öllum hestum andstæðinganna, öllum ránsfengnum frá Chelles, lausnargjaldi frá föngunum, herklæðnaði og eignum þeirra föllnu.

531. Item, 25. dag þessa mánaðar, daginn eftir Markúsarmessu,³⁸ tókst Armagnac-mönnum, með herafli eða svikum, að ná klaustrinu í Saint-Maur-des-Fossés. Alls staðar höfðu þeir yfirhöndina. Síðan að jarlinn af Salisbury hafði verið drepinn við Orléans³⁹ höfðu Englendingar neyðst til að draga sig í hlé í hverjum bardaganum á fætur öðrum, annað hvort með skömm eða miklu mannfalli.

532. Item, þetta ár blómstraði fjöldinn allur af hvítum rósum á pálmansunnudag, sem var 8. dagur aprílmánaðar árið 1430, því að það voraði snemma það ár.

533. Item, 26. dag þessa sama mánaðar, árið 1430, létu ráðamenn í París kveikja mikil bál, eins og á Jónsmessu á sumri, vegna þess að fólk var skelft yfir fréttum af endalausum sigrum Armagnac-manna. Þeir tilkynntu almenningi að það væri vegna þess að hinn ungi Hinrik konungur,⁴⁰ sem leit á sjálfan sig sem konung Frakklands og Englands, væri kominn til Boulogne með mikinn her leiguliða til að berjast við Armagnac-menn; enginn fótur var fyrir þessum fréttum og ekkert spurðist heldur til hertogans af Búrgúndí. Allir voru miður sín vegna þess að allir bardagar enduðu með ósigri og vegna þess að ráðamenn létu eins og hjálp væri í vændum en engin merki um hjálp bárust frá aðlinum, enginn sáttmáli var í sjónmáli og

³⁸ Markúsarmessa er 25. apríl.

³⁹ Í október 1428.

⁴⁰ Hinrik 6., Englandskonungur (1422-1461) var krýndur í Vorrarfrúarkirkju í París árið 1431, tíu ára gamall.

af þeim sökum fóru margir íbúar frá París og veikti það mjög stöðu borgarinnar.

534. Item, í fyrstu viku maí voru fangar við Saint-Antoine-hliðið og hafði einn þeirra greitt lausnargjald og fór hann leiðar sinnar eins og honum líkaði með setuliðinu. Það bar við dag einn að fangelsisvörðurinn sofnaði á bekk eftir matinn eins og verða vill að sumarlagi, og tók hann lykla hans á meðan vörðurinn svaf, opnaði fangelsið og leysti þrjá fanga og fóru þeir þangað sem vörðurinn var enn í fastasvefni og fleiri, einn hér og annar þar, og hjuggu þeir til þeirra. Þeir særðu tvo eða þrjá til ólífis áður en mennirnir í kastalanum áttuðu sig á því hvað gerst hafði. Þegar þeir sáu hvað fangarnir höfðu gert flýttu þeir sér að koma félögum sínum til hjálpar, herrann af Isle Adam, sem var í kastalanum og sem var höfuðsmaður þar og í París, var ekki lengi að finna þá. Hann skoraði á þá og hjó þann sem næst honum stóð með exi og féll hann dauður niður. Hinir komust ekki í burt og náðust allir. Þeir viðurkenndu að þeir hefðu ætlað að drepa alla í kastalanum og afhenda hann Armagnac-mönnum svo að þeir gætu náð París með svikum eða öðrum ráðum. Um leið og þeir höfðu sagt frá þessu öllu lét höfuðsmaðurinn drepa þá og henda líkum þeirra í ána.

535. Item, þetta ár, 12. og 13. dag maímánuðar, fraus allur vínviðurinn sem hafði verið með fegursta móti þar sem meira var um stórar þrúgur en menn höfðu séð í þrjátíu ár. Þetta var vilji Guðs, til þess að sýna okkur að í þessum heimi er ekkert öruggt, eins og sjá má á degi hverjum.

536. Item, þann 23. dag maí var frú Jóhanna, mæð Armagnac-manna, tekin til fanga við Compiègne af herra Jóhanni 2. af Lúxemborg og mönnum hans og um eitt þúsund Englendingum sem voru á leið til Parísar. Ríflega 400 af mönnum mæðinnar voru drepnir eða var drekkt. Eftir þetta, á sunnudeginum, komu þessir eitt þúsund Englendingar til Parísar og hófu umsátur um Armagnac-menn sem voru í klaustrinu í Saint-Maur-des-Fossés. Þeir veittu enga mótspyrnu, afhentu klaustrið og var rúmlega hundrað mönnum leyft að fara án þess að taka nokkuð nema staf með sér. Þetta var 2. dag júní 1430.

537. Item, á þessum tíma kostaði pundið af söltuðu smjöri þrjá Parísarskilinga í góðri mynt, og pottur af valhnetuólú sex Parísarskilinga. Um leið og Armagnac-menn voru farnir, og hvort sem yfirmönnum þeirra líkaði betur eða verr, fóru Englendingar ránshendi um klaustrið í Saint-Maur og bæinn. Þeir tóku allt sem hönd á festi, og skildu hvorki eftir

skeiðar né potta. Fyrrrennarar þeirra höfðu látið greipar sópa þegar þeir komu inn í bæinn og nú var alls ekkert eftir; veslings fólkið!

538. Item, í þessum júnímánuði höfðu enn engar fregnir borist af því að Hinrik Englandskonungur hefði siglt yfir sundið og sögðu ráðamenn í París íbúum borgarinnar að hann hefði siglt á Georgsmessu og létu þeir tendra bál um borgina og var fátæka fólkið ekki ánægt með það þar sem eldiviðurinn var rándýr og allir vissu vel að konungurinn hafði ekki farið yfir sundið.⁴¹

539. Item, engar fréttir bárust heldur af komu hertogans af Búrgúndi þótt hans hefði verið beðið í hverri viku frá því í janúar og nú væri næstum komin Jónsmessa. Ráðamenn sögðu til þess að róa íbúana að hann væri væntanlegur en flestir sögðu þegar þetta barst í tal: *Patrem sequitur sua proles* – „afkvæmin feta sannarlega í fótspor föðurins“, og það var allt og sumt. Og svo fór að júlímánuður leið án nokkurra fréttu af honum nema það að hann hefði mikið lið Picardie-manna sem hefðu hafið umsátur við Compiègne í apríl en ekkert áunnist enn í ágúst. Satt var að þrjú hundruð Engendingar voru afkastameiri í stríði en fimm hundruð Picardie-menn og þeir síðastnefndu voru miklir þjófar og gárungar sem gerðu gys að fólki. Engendingar tóku tólf virki nálægt París á einum mánuði og fóru til Corbeil í annarri viku júlímánuðar.

540. Item 17. dag júlí, á mánudegi, daginn fyrir Arnúlsmessu, var kirkjuklukka Vorrarfrúarkirkju steipt og nefnd Jacqueline, og var það gert af málmsteypumanni að nafni Guillaume Sifflet. Hún vó fimmtán þúsund pund eða um það bil.

541. Item, herrann af Ros,⁴² sem var enskur riddari, kom til Parísar miðvikudaginn 16. dag ágústmánaðar með meiri viðhöfn en nokkur annar riddari sem ekki var konungur, hertogi eða jarl. Fjórir hljóðfæraleikarar fóru á undan honum með horn og lúðra og léku á hljóðfæri sín. Föstudaginn þar á eftir var gæfan honum sannarlega ekki hliðholl því að Armagnac-menn komu í ránsferð upp að Saint-Antoine-hliðinu og tóku uxa, kýr, kindur og annan búfénað og fluttu burt. Þegar herrann af Ros komst að því fór hann með öllu liði sínu á eftir þeim og annar enskur riddari sem var höfuðsmaður í Bois de Vincennes fylgdi fast á eftir,⁴³ og það gerðu fleiri; þeir sáu Armagnac-menn fara yfir Marne-ána hinum megin við Saint-Maur. Þeir eltu þá og sumir þeirra sem sáu hvar Armagnac-menn

⁴¹ Georgsmessa er 23. apríl.

⁴² Thomas Manners, barón af Roos.

⁴³ E.t.v. Jean de Honneford.

höfðu farið yfir á vaði, riðu út í ána og komust yfir. Herrann af Ros missti af vaðinu og reið rösklega beint út í ána. Það gerði einnig höfuðsmaðurinn af Bois de Vincennes sem missti líka af vaðinu og annar riddari að nafni herrann af Mouchy⁴⁴ og margir aðrir. Þeir drukknuðu allir. Það gerðu líka margir af Armagnac-liðinu en þeir sem komust yfir voru svo ráðagóðir að þeim tókst að ná öllum föngunum og ránsfengnum. Þeir náðu líka herra Jean Foucaut, höfuðsmanni af Lagny,⁴⁵ og drápu marga aðra. Sumir þeirra dóu líka. Tæpum tveimur vikum síðar komu um það bil þrjú til fjögur hundruð Englendingar til Parísar en um leið og þeir réðust á Armagnac-menn biðu þeir lægri hlut og Armagnac-menn drápu þá alla. Fólk sagði að það væri vegna þess að jarlinn af Salisbury hefði látið greipar sópa um Vorrarfrúarkirkju í Cléry meðan stóð á umsátrinu um Orléans.⁴⁶ Hann dó stuttu síðar þegar fallbyssukúla sprakk fyrir slysi.⁴⁷

542. Item, síðan létti þessu umsátri um Compiègne sem hafði verið svo dýrkeypt og sem hafði kostað svo marga menn þeirra lífið eða frelsið.

543. Item, eftir það sem Englendingar höfðu gert í Luzarches í Saint-Cosme-kirkjunni og síðan í Chelles-Saint-Baudour voru þeir næstum allir teknir og drepnir. Og hvað gerðu þeir svo í kirkjunni í Saint-Maur-des-Fossés og alls staðar þar sem þeir hafa yfirhöndina? Þeir láta greipar sópa um allar kirkjur, ekkert er eftir, hvorki bækur, oblátuskín eða bikarar þar sem líkami Herra vors hvílir, né helgigripir ef þessir gripir eru úr gulli eða silfri eða öðrum málm, og þeir hika ekki við að kasta oblátunum eða helgigripunum sem þeir geyma. Þeir bera ekki virðingu fyrir neinu og ef þeir geta taka þeir öll helgiklæði. Allir sem nú bera vopn, sama hvaða liði þeir tilheyra, Frökkum eða Englendingum, Armagnac-mönnum, Búrgúndí eða Picardie, taka allt sem þeir sjá, nema það sem er of þungt eða of heitt; það er afar sorglegt og mikill skaði að herrarnir skuli ekki vera sammála.⁴⁸ Og ef Guð er ekki miskunnسامur er allt Frakkland í mikilli hættu vegna þess að alls staðar eru unnin skemmdarverk, menn drepnir og eldur lagður að húsum og allir, bæði útlendingar og innfæddir, segja, *Dimitte*,⁴⁹ en þetta fer versnandi, eins og ljóst er.

⁴⁴ Hann fylgdi hertoganum af Búrgúndí.

⁴⁵ Talið er að hann hafi stjórnað leiðangrinum.

⁴⁶ Í september 1428 rændu Englendingar Vorrarfrúarkirkju í Cléry og Armagnac-menn litu svo á að ósigurinn við Orléans og dauði jarlsins í nóvember sama ár væru afleiðingar þess.

⁴⁷ Hann mun hafa fengið fallbyssukúlu í höfuðið.

⁴⁸ Þetta hljómar eins og stríðið sé einungis deila milli aðalsmanna.

⁴⁹ *Dimitte nobis debita nostra ...* Fyrirgef oss vorar syndir ...

544. Item, satt er að á Ágústínusmessu, í ágúst 1430, fóru um það bil fjörutíu eða fimmtíu vagnar bæði frá París og nágrenni, að ná í hveiti sem nýlega hafði verið skoríð nálægt Bourget og sem tilheyrði íbúum Parísar.⁵⁰ Armagnac-menn komust að því með njósnum sínum sem þeir höfðu nóg af í París og þeir réðust á þá af fullum krafti. Fólkið okkar frá París varði sig eins vel og það gat en það var ekki til neins því lið Armagnac-manna bar þau ofurliði og drap marga og þeir sem lifðu voru teknir til fanga; af einstakri illsku kveiktu þeir í hveitinu sem var á kerrum og vögnum og allt brann til ösku og engu varð bjargað nema járninu. Ef þeir sáu einhverja þeirra sem lágu með banasár eða við það að gefa upp öndina hreyfa sig tóku þeir þá og hentu þeim í eldinn sem logaði glatt því að allir vagnarnir og kornið brunnu.

545. Item, án þess að telja þá dauðu með þá tóku þeir ríflega eitt hundrad og tuttugu manns til fanga og alla hestana og kröfðust lausnargjalds. Og á þessum erfiðu tímum kom stallari Frakklands til Parísar, herrann af Stafford,⁵¹ með mikið lið Englendinga og fór í einnar mílu fjarlægð frá bardaganum en vissi ekkert af honum sem var mjög dapurlegt vegna þess að flestir þeirra sem náðust voru heimilisfeður með eiginkonur og börn og nú þurftu þau nánast öll að búa við fátækt vegna lausnargjaldanna sem greiða þurfti, annars voru þeir drepnir miskunnarlaust.

546. Item, þann þriðja dag septembermánaðar, sunnudag, var predikað yfir tveimur konum á torginu fyrir framan Vorrarfrúarkirkju. Þær höfðu verið handteknar hálfu ári fyrr í Corbeil og fluttar til Parísar. Sú eldri, Piéronne, kom frá bretónska hluta Brittaníuskagans og hún hélt því fram með réttu⁵² að frú Jóhanna, sem barðist með Armagnac-mönnum, væri góð og að það sem hún gerði væri gott og Guði þóknanlegt.

547. Item, hún viðurkenndi að hafa gengið tvisvar til altaris sama dag og meðtekið líkama Krists.⁵³

⁵⁰ Ágústínusmessa er 28. ágúst.

⁵¹ Stallari var einn af æðstu embættismönnum hirðarinnar og æðsti yfirmaður hers konungs. Í augum Englendinga árið 1430 var herrann af Stafford stallari Frakklands.

⁵² Þessi orð, *et vrai propos avait*, „og hafði rétt fyrir sér“, hér þýtt „með réttu“, koma dálítið á óvart þar sem höfundur lýsir stuttu síðar yfir vanþóknun sinni á gerðum og yfirlýsingum Jóhönnu af Örk sem var tekin af lífi 1431. Piéronne fylgdi Jóhönnu af Örk, var yfirheyrð í París og síðan brennd.

⁵³ Frá 1215 áttu kristnir menn að ganga til altaris og meðtaka líkama og blóð Jesú Krists árlega. Þessi þýðingarmikli atburður varð hversdagslegur ef hann átti sér stað of oft. Hér er gefið í skyn að hann sé misnotaður af þessari trúuðu konu.

548. Item, hún hélt því fram og sór að Guð birtist henni oft í mannsmynd og talaði við hana eins og vinur talar við vin og að síðast þegar hún sá hann hafi hann verið í síðum, hvítum möttli og í rauðum kyrtli innan undir, sem er guðlast. Hún var ekki tilbúin til að draga til baka fullyrðingar sínar um að hún sæi Guð oft klæddan á þennan hátt og því var hún dæmd til að brenna á báli þennan dag; hún var brennd og dó síðasta sunnudag án þess að hvika í trú sinni. Hin stúlkan var leyst úr haldi um stundarsakir.

549. Item, næsta dag, mánudaginn 4. september 1430 komu 23 prammar hlaðnir vistum og öðrum vörum eftir ánni. Deilur brutust út á milli vopnaðra fylgdarmanna og siglingamanna og á þeirri stundu réðust Armagnac-menn á þá af mikilli hörku og vegna deilnanna áttu þeir erfitt með að verja sig og átti það einkum við um 13 pramma; ríflega 12 tugir manna eða fleiri voru teknir til fanga, og þá eru þeir föllnu ekki taldir með. Prömmunum tíu þar sem menn áttu ekki í illdeilum tókst að komast áfram og í höfn. Þetta sýnir hversu óráðlegt er fyrir menn í hættu að eiga í deilum sín á milli – eins og greinilega sjá má í franska konungsríkinu.

550. Item, daginn eftir að herrann af Stafford kom til Parísar hóf hann umsátur um bæinn Brie-Comte-Robert og tók hann með áhlaupi næsta dag. Hann náði kastalanum ekki eins auðveldlega en þeir sem vörðu hann gáfust upp skömmu síðar. Hvað viðkemur hertoganum af Búrgúndi þá höfðu engar fregnir borist af honum löngu eftir Remigíusmessu, né af nokkrum öðrum sem var umhugað um hina góðu borg París, eins og ljóst var, vegna þess að það voru ekki nema nokkrir ribbaldar í Lagny. Enginn gerði neitt til að koma í veg fyrir að þeir færu í hverri viku inn um eitthvert af hliðum Parísar, eða í nágrenni við þau, og tækju menn, konur, börn og mikið af búpeningi, og þannig fengu þeir mikið lausnargjald, alltaf silfur eða gull. Þeir sem ekki gátu borgað voru bundnir saman tveir og tveir og hent út í ána Marne,⁵⁴ hengdir eða bundnir og lokaðir inni í gömlum kjöllurum þar sem þeir fengu hvorki vott né þurrt. Ekkert sem komið gat að notum í hinu daglega lífi komst til Parísar án þess að lenda í þeirra höndum því að þeir stóðu vörð um allar leiðir inn í borgina, bæði á landi og vatni. Á Remigíusmessu árið 1430 var eldiviðurinn svo dýr að hundrað sprek frá Bondy eða Boulogne-la-Petite sem áður kostuðu sex eða sjö skildinga kostuðu nú 24 Parísarskildinga í góðri mynt, og eitt járnknippi af eldivið sem áður kostaði átta eða níu *blancs* kostaði nú tíu Parísarskildinga.

⁵⁴ Það er ólíklega að svona hafi verið farið með fanga. Fangar voru teknir til að fá lausnargjald og þeim var því oftast haldið á lífi, einkum ef þeir voru af góðum ættum.

551. Item, þetta ár viðraði vel í ágústmánuði og uppskeran var framar öllum vonum. Þrúgusafinn var óvenju snemma á ferðinni og um leið og hann var kominn í tunnur fór hann að gerjast. Vínin voru mjög góð og heldur ekki dýr – hægt var að fá pott af víni fyrir alla heiðvirða menn fyrir sex Parísardinara, á meðan potturinn kostaði sex *blancs* í Rúðuborg, og þetta sögðu þeir sem komu þaðan og vissu því að ódýra vínið var gott.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR

Prófessor í frönsku

Mála- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Brynjólfsgötu 1

IS-101 Reykjavík, Ísland

asdisrm@hi.is